

Tími til að lesa

Að finna tíma til (heima)lesturs getur verið snúið í amstri dagsins. Engu að síður er það mikilvægt til að ná fullkomnum tókum á lestrinum. Það þarf hins vegar ekki að vera svo flókið að finna tíma til að æfa lestur.



- Nýtið styttri og lengri ferðalög og biðtíma til lesturs.
- Hafið bækur og tímarit meðferðis t.d. í bílnum, þar sem hægt er að grípa í lestur og/eða skoða myndir við ýmis tækifæri. Hvetjið eldri börn til að taka upphaldsbókina með sér og lesa þegar færi gefst.
- Notið tímann á morgnana, eftir kvöldmatinn, eftir baðið og uppi í rúmi til lesturs.
- Tækifæri til lesturs er alls staðar í umhverfinu, í bílnum er t.d. hægt að fara í ýmsa lestrarleiki, með því að finna bókstafi og/eða orð t.d. heiti á verslunum eða götum. „Hver er fyrstur að finna götu sem byrjar á B?“ „Hver finnur fyrst verslun sem byrjar á K?“.
- Í verslunarleiðangrinum er hægt að hvetja yngri börn til að reyna að lesa utan á vörurnar eða finna vörur sem byrja á ákveðnum bókstöfum, „Finnið vöru sem byrjar á S, F, L“. Eldri börn geta lesið innkaupaseðilinn.
- Við matreiðsluna eða baksturinn er upplagt að biðja barnið að lesa uppskriftina og/eða leita á netinu að uppskriftum.
- Leyfið barninu að senda tölvupóst til ættingja (ömmu, afa) og lesa svarið þegar það kemur.
- Aðstoðaðu barnið við að skrifa „sniglabréf“ til ættingja. Það hjálpar barninu við að skilja markmiðið með ritun.
- Á meðan foreldri tekur til á heimilinu er upplagt að biðja barnið að lesa upphátt upphaldsbókina sína á meðan. Yngri börn geta

talað um myndirnar í bókinni og/eða endursagt söguna (málörvun).

- Gætið þess að barnið eigi notalega stund við lestur bóka og/eða lesið fyrir það.
- Sjónvarpsáhorf og tölvuleikir koma aldrei í stað lesturs.
- **FYRIRMYNDIR** - Mikilvægast er þó að barnið sjái foreldra sína lesa. Barn sem elst upp við að sjá foreldra sína grípa í bók/lestur er líklegra til að vilja lesa og lesa á fullorðinsárum.

Skólaskrifstofa Austurlands;

Sótt af <http://kidshealth.org/parent/positive/#cat20617> 18. júní 2015

